

Nd.

223. Frumvarp

til laga um skattanefndir.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. Um skipun skattanefnda.

1. gr.

Í hverjum hreppi og kaupstað skal vera skattanefnd. Í skattanefnd sitja 3 menn, í kaupstöðum bæjarfógeti og 2 menn, er hann kveður til, en í sveitum hreppstjóri og 2 menn, er sýslumaður tilnefnir. Á sama hátt skal skipa einn varanefndarmann, er tekur sæti í nefndinni í forföllum nefndarmanns.

Formaður skattanefndar í kaupstöðum er bæjarfógeti, en annarsstaðar hreppstjóri. Þar sem tveir eru hreppstjórar í sama hreppi, á sá þeirra sæti í skattanefnd, sem eldri er. Í forföllum formanns kýs skattanefndin sjálf formann um stundarsakir.

2. gr.

Í hverri sýslu (lögsagnarumdæmi) og kaupstað skal vera yfirskaðanefnd. Í kaupstöðum skipar stjórnarráðið formann yfirskaðanefndar og 2 aðra nefndar-

menn, en í sveitum eiga sæti í nefndinni sýslumaður, sem er formaður, og 2 menn, er stjórnarráðið skipar. Á sama hátt skal skipa varanefndarmann, er tekur sæti í nefndinni í forföllum eins af nefndarmönnum.

3. gr.

Sami maður má eigi sitja í skattanefnd og yfirskattanefnd. Yfirskattanefndarmenn aðrir en formenn utan kaupstaða og skattanefndarmenn, aðrir en formenn, skulu skipaðir til 10 ára, þannig að annar nefndarmanna fer frá 5. hvert ár, í fyrsta skifti eftir hlutkesti. Ef nefndarmaður deyr eða fer frá af öðrum ástæðum áður en starfstími hans er liðinn, skal skipa mann í stað hans til þess tíma, sem hann átti eftir að vera.

Nefndarmann, sem gengur úr, má skipa aftur svo oft sem vill. Þó er enginn, sem hefir verið 10 ár eða lengur í nefnd, skyldur til að taka skipun að nýju. Sextugur maður er ekki skyldur að taka móti nefndarskipun.

4. gr.

Hver sem skipaður er í skattanefnd eða yfirskattanefnd skal vinna eið að starfi sínu. Skattanefndarmenn og yfirskattanefndarmenn fá í fæðispeninga og jarðakostnað 4 krónur hvern dag, sem þeir gegna nefndarstörfum, og greiðist sá kostnaður úr landssjóði.

II. Um verksvið skattanefnda.

5. gr.

Skattanefndir hafa á hendi jarðamatsstörf samkvæmt gildandi lögum.

Sömuleiðis er það skylduverk skattanefndar á 10 ára fresti, um sama leyti og jarðamat fer fram, að virða allar húseignir og lóðir, sjerstök ítök og hlunnindi í umdæmi sínu, þau sem skattskyld eru að lögum. Enn fremur er það skylda skattanefndar eftir nánari fyrirskipun valdstjórnarinnar að virða nýbygð hús og aðrar fasteignir, er af sjerstökum ástæðum þarf að meta upp að nýju. Eigandi hefir rjett til að krefjast endurvirðingar, hvenær sem vera skal, en skylt er honum að greiða kostnað við virðinguna, nema verðið breytist um $\frac{1}{10}$ eða meira. Upphæð virðingarverðs á fasteignum skal ávalt deilanleg með 100. Því, sem þar er fram yfir, skal slept. Virðing á húsum og lóðum, ítökum og hlunnindum skal framkvæma eftir reglugerð, er stjórnarráðið semur.

6. gr.

Hinar almennu virðingargerðir, sem um er rætt í 5. gr., skulu framlagðar 1. dag júlímánaðar, í kaupstöðum í bæjarþingstofunni eða skrifstofu bæjarfógeta, en annarsstaðar á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað, er auglýstur skal fyrirfram, og liggja þar til sýnis til loka sama mánaðar. Að því búnu skulu þær sendar formanni yfirskattanefndar.

Við virðingu húsa og lóða, ítaka og hlunninda, skal gefa eiganda eða umráðanda kost á að vera viðstaddur. Sje hann óánægður með virðinguna, skal hann bera upp kærna sína brjeflega fyrir formanni yfirskattanevndar, fyrir 31. dag júlímánaðar, ef um almenna virðingargerð er að ræða, en sje virðingin framkvæmd á öðrum tíma, skal kærana vera komin til formanns yfirskattanevndar innan 15 daga frá því, er virðingargerð hefir fram farið. Yfirskattanevnd fellir úrskurð um kærana að fengnu álitu skattanevndar, og tilkynnir úrskurðinn kærana og skattanevnd þeirri, er hlut á að máli, og er því máli þar með ráðið til lykta.

7. gr.

Allir þeir, sem hafa skattskyldar tekjur, skulu fyrir febrúarmánaðarlok ár hvert — eða, ef þeir reka atvinnu á fleirum stöðum en einum, í síðasta lagi 20. mars — í fyrsta sinn árið 1915, afhenda skattanevnd skriflega skýrslu undir drengskap sinn, eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið semur, um tekjur sínar samkvæmt 2., 3. og 4. gr. tekjuskattslaganna. Sama skylda hvílir á hverjum þeim, er veitir forstöðu verslun, verksmiðju eða öðru atvinnufyrirtæki, ef eigandi er eigi búsettur innanlands, svo og á stjórnnum fjelaga og stofnana og á þeim, er hefir á hendi fjárhald fyrir þann, sem ekki er kominn til lögaldurs.

Nú hefir framteljandi tekjur af landbúnaði eða sjávarútvegi og þykist eigi sjálfur fær um að gefa fullnægjandi skýrslu um tekjur sínar, og er þá skattanevnd skylt að veita honum aðstoð til þess. En hann er skyldur að láta skattanevnd í tje allar upplýsingar, er hún þarf til þess að gera tekjuframtal hans sem rjettast, svo sem sundurliðaða skýrslu um eignahag hans í ársbyrjun og árslok, kostnað til fjölskyldu hans, allar greiðslur gjalda og tekna, er heimili hans og atvinnuveg snerta o. s. frv.

8. gr.

Eftir skýrslum þeim, er skattanevnd tekur gildar, skal hún kveða á um tekjuupphæð hvers manns. Þyki nefndinni skýrsla einhvers tortryggileg, getur hún krafist frekari skýringa og sannana, en fái hún ekki fullnægjandi skilríki innan þess tíma, er hún hefir tiltekið, skal hún áætla tekjur hans eftir því, sem hún veit sannast og rjettast.

Nú er einhver sá, er enga skýrslu gefur, og skal þá nefndin áætla tekjur hans svo freklega, sem hún álitur fært, svo að ekki sje hætt við, að upphæðin sje sett lægri en hún á að vera í raun rjetttri.

9. gr.

Innan marsmánaðarloka skal skattanevnd semja skrá, samkvæmt fyrirmynd, er stjórnarráðið semur, yfir alla þá menn í hreppnum eða kaupstaðnum, er tekjuskatt eiga að greiða.

Skattskráin skal framlögð 1. dag aprilmánaðar á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað, er auglýstur skal fyrirfram, og í kaupstöðum í bæjarþingstofunni eða skrifstofu bæjarfógeta, og liggja þar til sýnis til 15. dags sama mánaðar.

10. gr.

Ef einhver er óánægður með ákvæði skattanevndar um tekjur hans,

skal hann bera upp kæru sína brjeflega fyrir formanni skattanefndar fyrir 15. dag aprilmánaðar. Innan sama tíma, er hverjum gjaldanda heimilt að kæra það, að skattskyldum manni sje slept eða skattur einhvers sje of lágt settur, svo og að bera upp aðfinningar um hvert það atriði í skattskránni, sem að einhverju leyti getur snert hagsmuni hans. Formaður kveður nefndarmenn til fundar ásamt kæranda og þeim, sem kært er yfir, og skal úrskurður feldur um kærana fyrir lok sama mánaðar.

Skattanefnd leiðrjettir skattskrána samkvæmt úrskurðum þeim, sem feldir eru, og sendir hana síðan ásamt framtalsskýrslum, formanni yfirskattanefndar fyrir 15. dag maímánaðar.

11. gr.

Úrskurði skattanefndar má skjóta til yfirskattanefndar. Skal það gert brjeflega og ástæður færðar fyrir kærinni. Sje kæra eigi komin til formanns yfirskattanefndar fyrir 15. dag maímánaðar, verður henni ekki sint.

Yfirskattanefnd sker úr öllum kærum yfir úrskurðum skattanefnda í umdæmi sínu og birtir bæði kæranda og skattanefnd úrskurðinn og er það fullnádarárúskurður.

12. gr.

Yfirskattanefnd skal nákvæmlega endurskoða allar skattskrár í umdæmi því, sem hún er skipuð yfir, og hafa strangt eftirlit með því, að skattanefndir gegni skyldu sinni að ganga ríkt eftir rjettu tekjuframtali. Ef nefndinni virðist eitthvað vera óljóst eða rangt í skattskránum, að einhver sje vantallinn eða tvítalinn á skrá, getur hún heimtað nánari skýringar, og skal síðan lagfæra skattskrárnar eftir því, sem henni þykir rjett vera.

Ef skattskrá breytist við endurskoðun yfirskattanefndar, skal formaður tilkynna það skattanefnd þeirri, er hlut á að máli.

13. gr.

Skattanefnd hefir gerðabók og ritar í hana allar matsgerðir, virðingargerðir og skattskrár. Í hana rita skattanefndarmenn eiðstaf sinn, þá er þeir hefja starf sitt. Gerðabækur skattanefnda lætur stjórnarráðið búa til á kostnað landsjóðs, og skulu þær löggiltar af sýslumanni eða bæjarfógeta.

14. gr.

Formaður skattanefndar skal árlega láta hreppsnefnd eða niðurjöfnunarnefnd ókeypis í tje endurrit af skattskrá hreppsins og ágríp af virðingargerðum, til afnota við niðurjöfnun sveitargjalda.

III. Almenn ákvæði.

15. gr.

Allir embættismenn og aðrir, er einhver störf hafa á hendi í almenningparfir, svo og stjórnendur banka, sparisjóða eða annara stofnana og fjelaga eru

skyldir að láta skattaneðndum og yfirskattaneðndum ókeypis í tje allar þær skýrslur, er þær beiðast og með þurfa, svo sem skýrslur um kaupsamninga og virðingargærðir á fasteignum, um skuldabryef, vaxtabryef og hlutabryef, sem eigandi er nafngreindur að, um vaxtafje í bönkum og sparisjóðum, um embættislaun og annað því um líkt.

Skorist einhver undan að gefa slíka skýrslu, sker stjórnarráðið úr, hvort hann sje skyldur til þess, og má leggja við dagsektir uns þeim úrskurði er fullnægt. Sektirnar skal ákveða með brjefi til hlutaðeiganda. Sektarfjeð rennur í landssjóð og má taka það lögtaki, ef það er ekki greitt í gjalddaga.

16. gr.

Ef einhver vanrækir að gefa lögboðna skýrslu um tekjur sínar skal formaður skattaneðndar tafarlaust senda honum brjeflega áminningu um að bæta úr því innan 5 daga. Láti hann samt sem áður farast fyrir að fullnægja skyldu sinni, fyrirgerir hann rjetti til að kæra ákvæði skattaneðndar um tekjur hans, nema því aðeins, að hann geti sannað, að tekjur hans hafi verið ákveðnar af skattaneðnd meira en fjórðungi hærri heldur en þær voru í raun og veru. Sje munurinn $\frac{1}{4}$ eða meira skal hann greiða skatt af rjetttri upphæð, að viðbættum $\frac{1}{4}$ af rjetttri skattsupphæð.

17. gr.

Sá, sem móti betri vitund skýrir rangt frá tekjum sínum til skattaneðndar, skal greiða sekt, er sje fimmföld við gjald það, sem undan er dregið. Komist undandráturinn ekki upp fyr en eftir lát skattgreiðanda við skifti á búí hans, skal af búínu greiða tvófalt gjald við það, sem undan var dregið.

Ef skiftaráðandi verður þess vís við skifti á búí, að tekjur hins látna hafi verið ákveðnar mun lægri til skattgjalds heldur en þær voru í raun og veru, skal hann þegar gera skattaneðnd viðvart um það.

18. gr.

Þá er skattaneðnd kveður á um skattskyldar tekjur nefndarmanns, barna hans, foreldra eða systkina, má hann ekki taka þátt í gerðum nefndarinnar.

Ef sá, er kærir ákvæði skattaneðndar um tekjur hans, er sjálfur í þeirri skattaneðnd eða í yfirskattaneðndinni, tekur varamaður sæti í nefndinni, þá er úrskurður er feldur um kæru hans.

19. gr.

Skýrslum þeim um efnahag gjaldenda, er skattaneðndarmenn fá vitneskju um við það að gegna sýslan sinni, eru þeir skyldir að halda leyndum fyrir öllum út í frá. Brjóti nokkur á móti þessu, skal honum vikið frá tjeðu starfi, og auk þess skal hann sæta sektum alt að 100 kr., nema þyngri hegning liggí við.

20. gr.

Stjórnarráðið semur reglugerðir fyrir skattaneðndir og yfirskattaneðndir og lætur prenta eyðublöð undir skattskrár og skýrslur um tekjuframtal. Prentunar-

kostnaðurinn greiðist úr landssjóði, svo og allur kostnaður við virðingargerðir og önnur störf skattanefnda með þeirri takmörkun, er segir í 5. gr.

21. gr.

Stjórnardeild sú, er hefir á hendi umboðslega endurskoðun, skal hafa vakandi auga á því við endurskoðun tekjuskattsreikninga, að skattanefndir ræki skyldur sínar og fylgi rjettum reglum í starfi sínu. Hefir hún rjett til að fá sendar tekjuframtalsskýrslur, eftir því sem þörf gerist, og leita umsagnar og skýringa skattanefnda á öllu því, er skattálagningunni við kemur.

22. gr.

Sektir eftir 17. og 19. gr. laga þessara renna í landssjóð. Með mál út af brotum gegn þeim skal farið sem almenn lögreglumál.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.